

# Kvöldbænir

*Að biðja með börnum opnar þeim  
veröld friðar, kyrrðar og kærleika  
sem getur fylgt þeim allt lífið.*



**Signing:** Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Amen.

**Bæn:** Láttu nú ljósið þitt  
loga við rúmið mitt,  
hafðu þar sess og sæti,  
signaður Jesús mæti. Amen

Saga úr Barnabiblíu

Barnasálmur\*

**Faðir vor:** Faðir vor,  
þú, sem ert á himnum.  
Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,  
verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni.  
Gef oss í dag vort daglegt brauð.  
Og fyrirgef oss vorar skuldir  
svo sem vér og fyrirgefum  
vorum skuldunautum.  
Eigi leið þú oss í freistni,  
heldur frelsa oss frá illu.  
Því að þitt er ríkið,  
mátturinn og dýrðin  
að eilífu. Amen.

**Góða nótt!**

*Amen.is*

\* Hægt er að nálgast Spotify lista með barnasálmum á slóðinni [amen.is/barnasalmar](https://www.amen.is/barnasalmar)